

Nr. 1083

20. desember 2006

## REGLUR um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2007.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2007 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2007.

Til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu skal telja búsafurðir til heimanota og aðra endurgjaldslausa afhendingu þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra. Tekur skattmatið m.a. til búsfárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarala og afraksturs eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir, sem falla undir reglur þessar, afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2007 er sem hér segir:

Mjólk .....	45 kr. hver lítri
Egg .....	290 kr. hvert kg
Kartöflur .....	41 kr. hvert kg
Rófur .....	85 kr. hvert kg
Lambakjöt .....	360 kr. hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé .....	320 kr. hvert kg
Annað kjöt af sauðfé .....	140 kr. hvert kg
Ungnautakjöt .....	410 kr. hvert kg
Annað kjöt af nautgripum .....	290 kr. hvert kg
Folaldakjöt .....	225 kr. hvert kg
Annað kjöt af hrossum .....	90 kr. hvert kg
Grísakjöt .....	260 kr. hvert kg
Annað svínakjöt .....	195 kr. hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir .....	425 kr. hvert kg
Annað fuglakjöt .....	240 kr. hvert kg
Fiskur .....	250 kr. hvert kg

*Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 2006.*

F. h. r.  
**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingibjörg Helga Helgadóttir.*